

Bæjarráð Akraness
b.t. Regínu Ásvaldsóttur bæjarstjóra
Stilholti 16-18
300 Akranes

Akranesi 12. janúar 2016

Óskað er eftir viðræðum við Akraneskaupstað um húsnæði fyrir þróunarsetur/hugmynda- og sköpunarsetur á Akranesi. Húsnæðið þarf að rýma skrifstofur og/eða opið rými fyrir skrifborð fyrir 6-8 manns, auk fundaraðstöðu.

Þeir sem nú þegar hafa sýnt áhuga á samstarfi eru í stafrófsröð:
Anna Lára Steindal, Anna Leif Elíadóttir, Hlédís Sveinsdóttir, Kristinn Pétursson, Sindri Birgisson og Þórunn María Örnólfsdóttir. Auk þeirra gætu fleiri bæst í hópinn.

Greinargerð

HUGMYNDA- & SKÖPUNARSETUR Á AKRANESI

- Klasi, frumkvöðlasetur, hugveita, þróunarsetur

Gert er ráð fyrir þróun á verkefnum sem tengjast listum og menningu, innflytjendamálum, sagnfræði, landbúnaðarvörum, hönnunar og fleiru.

Hugmynd að vinnutilhögun verkefnisins

1. Safna saman nokkrum áhugasömum, helst úr ólíkum greinum
2. Setja upp FB síðu þar sem verkefnið er kynnt og falast eftir fólki til þátttöku
3. Kynna verkefnið í Skessuhorni og e.t.v. víðar til að fá fólk með okkur
4. Vinna að mótun verkefnisins
5. Sækjast eftir húsnæði hjá bænum (t.d. í Sementinu)
6. Falast eftir samstarfi / styrkjum frá stofnunum, fyrirtækjum og einkaaðilum
7. Láta þetta gerast!

Starfsemi

- bjóða upp á starfsaðstöðu fyrir þátttakendur
- bjóða upp á fundaaðstöðu
- standa fyrir (ör)fyrirlestrum um hvaðeina
- virkar líka sem n.k. vinnumiðlun þar sem einstaklingar og fyrirtæki geta leitað til klasans og falast eftir fólki í verkefni

Þátttakendur

- einyrkjar / sjálfstætt starfandi á sviði ...

- fræðimenn
- listamenn
- grafíkerar
- textagerðarmenn
- smáfyrirtæki ýmiskonar
- kvikmyndagerðarmenn
- fjarvinnandi starfsfólk fyrirtækja (sem t.d. vinnur í Rvík)

Svipuð fyrirbæri til að horfa til og vera í samstarfi við ...

Hugheimar

Hugheimar er frumkvöðla- og nýsköpunarsetur Vesturlands, til húsa að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi. Að stofnun setursins stóð hópur fyrirtækja og stofnana í Borgarfirði; KPMG, Nepal hugbúnaður, SSV þróun og ráðgjöf, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Arion banki, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands, Kaupfélag Borgfirðinga og Verkís ásamt Vitbrigðum Vesturlands, sem eru nýlega stofnuð samtök ungs fólks í skapandi greinum á Vesturlandi. Auk þess tekur Borgarbyggð þátt í verkefninu.

Reykjavíkur Akademían

RA er sjálfseignarstofnun sem byggir á fimmtán ára sögu félags sjálfstætt starfandi fræðimanna sem hafa búið sér til nánast einstakt hreiður fyrir sjálfstæðar rannsóknir í menningar-, hug og félagsvísindum á Íslandi. RA hefur frá stofnun árið 1997 hýst margvíslega starfsemi sem flokkast undir fræði- og menningarstarfsemi í víðri merkingu, m.a. ritun fræðiefnis fyrir almenning, ritun fagurbókmennta, samningu kennsluefnis, þýðingar fræðiefnis og fagurbókmennta, heimildamyndagerð, ritstjórn, prófarkalestur, bókaútgáfu, sýningahönnun, umfangsmikið ráðstefnuhald og svo mætti lengi telja. Jafnframt hafa fræðimenn innan RA stundað kennslu á ólíkum skólastigum, ekki síst stundakennslu á háskólastigi. Fræðilegar grunnrannsóknir innan ólíkra greina félags- og hugvísinda hafa allan þann tíma verið mikilvæg kjölfesta í starfseminni.

Samsteypan

Hugsanlegt er að vera með flæði/samstarf á milli þróunarsetursins, sem enn á eftir að fá nafn, og Samsteypunnar.

Svona er hægt að ná í okkur:

Anna Lára Steindal; anna.lara.steindal@gmail.com / 896 7870

Anna Leif Elísdóttir; annaleif@gmail.com / 8982481

Hlédís Sveinsdóttir; hlediss@gmail.com / 8921780

Kristinn Pétursson; kristinnpeturs@gmail.com / 9658884

Sindri Birgisson; sindribirgjis@gmail.com / 869-6668

Þórunn María Örnólfsdóttir; totalee75@gmail.com / 8456676